

**Nd. 270. Frumvarp til laga [175. mál]**

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

(Lagt fram á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Á eftir B-lið 1. mgr. 1. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

- C. Við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skal auk fulltrúa samkvæmt 1. mgr. 3. gr. einn fulltrúi af hálfu seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda taka sæti í Fiskideild. Sjávarútvegsráðherra skipar fulltrúa þessa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Leitast skal við að ná sem víðtækastri samstöðu viðkomandi hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa samkvæmt þessum lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í 1. grein frumvarpsins er lagt til að við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum taki fulltrúar frá kaupendum og seljendum þessa afla sæti í Verðlagsráði. Þessi breyting er gerð vegna þess að með núgildandi skipan Verðlagsráðs telja kaupendur og seljendur rækju, hörpudisks og grásleppuhrogna sig ekki hafa möguleika á að hafa áhrif við verðlagsákvæðanir, vegna þess hvernig Fiskideild sé skipuð lögum samkvæmt.

Í grein þessari segir, að ráðherra skipi fulltrúa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Ákvæði þetta er sett vegna þess að mjög er mismunandi hvernig samtökum innan þessara greina vinnslu og veiða er háttað. Verði frumvarp þetta að lögum gæti það orðið til þess að viðkomandi aðilar skipulegðu samtök sín þannig að tilnefning þessara nýju fulltrúa yrði ekki vandamál.

Lögd er áhersla á að í breytingu þessari felst í raun það eitt að fulltrúum í Fiskideild er fjölgað úr sex í sjö við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum. Ekki verða stofnaðar nýjar deildir eða starfsemi yfirnefndar breytt.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.